

Alþingi
Erindi nr. P 139/217
komudagur 9.11.2010



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014
postur@for.stjr.is
www.raduneyti.is

Alþingi - fjárlaganefnd
150 Reykjavík

Reykjavík 27. október 2010
Tilv.: FOR10020109/3.2

Á fundi fjárlaganefndar með forsætisráðuneytinu þann 18. október sl. þar sem farið var yfir fjárlagafrumvarp 2011 og frumvarp til fjárukalaga 2010 og helstu breytingar á milli ára kom fram beiðni frá Ásbirni Óttarssyni þingmanni um upplýsingar yfir verkefni sem flutt hafa verið frá forsætisráðuneytinu, hvaða fjárveitingar fylgdu með og hversu mörg stöðugildi.

Hjálagt fylgja upplýsingar ráðuneytisins:

Ný reglugerð um Stjórnarráð Íslands tók gildi 1. október 2009, sem kveður á um hlutverk ráðuneytisins. Í kjölfar breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta voru nokkur verkefni flutt frá forsætisráðuneytinu síðla árs 2009. Í fjárlögum 2010 lækkaði heildarfjárveiting til forsætisráðuneytisins um samtals 1.174,3 m.kr. frá árinu á undan. Samtals er um að ræða 10 verkefni en aðeins eitt þeirra, efnahagsskrifstofa forsætisráðuneytisins, snerti aðalskrifstofu ráðuneytisins (01-101). Með flutningi skrifstofunnar til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, fylgdi með 18 m.kr. fjárveiting og 2 stöðugildi. Þrjú starfsmenn Norðurlandaskrifstofu (01-231) fluttust til utanríkisráðuneytisins ásamt 272,3 m.kr. fjárveitingu (þar af um 218 m.kr. sem er framlag til norrænu ráðherranefndarinnar). Eitt stöðugildi umsjónarmanns fasteigna fluttist frá fasteignum forsætisráðuneytisins (01-201) til embætti forseta Íslands ásamt 5,5 m.kr. fjárveitingu. Eitt stöðugildi lögfræðings fluttist frá Óbyggðanefnd (01-261) til fjármálaráðuneytisins ásamt 7,1 m.kr. fjárveitingu. Þrjú verkefni undir liðnum 'ýmis verkefni' (01-190) fluttust til mennta- og menningarmálaráðuneytisins ásamt samtals 5 m.kr. fjárveitingu, þau eru; Stafkirkjan í Vestmannaeyjum, Grænlandssjóður og Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal. Þrjár stofnanir fluttust frá forsætisráðuneytinu til annarra ráðuneyta. Hagstofa Íslands (01-401) fluttist til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins með 727,9 m.kr. fjárveitingu, Þjóðmenningarhúsið (01-251) og Gljúfrasteinn (01-255) fluttust til mennta- og menningarmálaráðuneytisins með samtals 138,5 m.kr. fjárveitingar.

Fyrir hönd ráðherra

Óðinn Helgi Jónsson

Eydís Eyjólfsdóttir